

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 264/2022

frá 23. september 2022

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1229 frá 11. júlí 2022 um breytingu á ákvörðunum 2014/312/ESB, 2014/391/ESB, 2014/763/ESB, (ESB) 2016/1332 og (ESB) 2017/176 að því er varðar gildistíma viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1244 frá 13. júlí 2022m að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna ræktunarefna og jarðvegsbæta ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun (ESB) 2022/1244 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2099 ⁽³⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 4) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 2d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2099):

„**32022 D 1244**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1244 frá 13. júlí 2022 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna ræktunarefna og jarðvegsbæta (Stjtið. ESB L 190, 19.7.2022, bls. 141).“

2. Eftirfarandi er bætt við liði 2v (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/312/ESB), 2w (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/391/ESB) og 2zo (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/763/ESB):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 189, 18.7.2022, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 190, 19.7.2022, bls. 141.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 303, 20.11.2015, bls. 75.

„– **32022 D 1229**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1229 frá 11. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 189, 18.7.2022, bls. 20).“

3. Eftirfarandi er bætt við liði 2zb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/176) og 2zd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1332):

„, breytt með:

– **32022 D 1229**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1229 frá 11. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 189, 18.7.2022, bls. 20).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana (ESB) 2022/1229 og (ESB) 2022/1244, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.